



Söfnun umbúða

Hvernig náum við markmiðunum?

Gunnar Bragason, Sagaplast ehf.

Tenging Sagaplasts við söfnun

- Sagaplast ehf. stendur fyrir söfnun efna og umbúða frá mörgum sveitarfélögum og stórum fyrirtækjum á landsbyggðinni.
- Flutningur fer aðallega fram á brettum, í stórsekkjum, körum eða böggum.
- Fjöldmargir flutningsaðilar koma að þessu verkefni.
- Sagaplast hefur vinnslustöð á Akureyri og höfuðstöðvar í Reykjavík.

Samstarf við sveitarfélög

- Sveitarfélög sjá um að aðstaða sé til staðar fyrir íbúa að skila úrgangi og að til sé farvegur fyrir endurvinnslu, endurnýtingu eða förgun.
- Algengast er að sveitarfélög sjálf bjóði upp á gámaplan eða aðstöðu fyrir almenning og fyrirtæki til að skila efnum og umbúðum.
- Einnig er til að sveitarfélög semji við einkaaðila um að vera með slíka aðstöðu.

Samstarf við sveitarfélög (frh).

- Sagaplast hefur haft, og mun vonandi hafa áfram, mjög gott samstarf við fjölmörg sveitarfélög á landsbyggðinni.
- Uppbygging þess samstarfs hefur mest verið á höndum Gunnars Garðarssonar hjá Sagaplast á Akureyri.
- Söfnunarkerfi verið hönnuð í samstarfi aðila sbr. söfnun samsettra umbúða á Egilsstöðum.

Þátttaka almennings

- Áhugi og vitund almennings á því sem verið er að gera er lykill að árangri í söfnun endurvinnsluefna.
- Kynning hefur verið af afar skornum skammti varðandi úrvinnslugjöld.
- Léleg eða engin kynning skapar misskilning og oftast en ekki neikvæð og viðbrögð. Neikvæð viðbrögð komast í fréttir en jákvæð viðhorf eiga mun erfiðara uppdráttar.

Reynsla varðandi söfnun

- Á Íslandi er mjög öflugt sjálfboðaliðastarf t.d. í björgunarsveitum, ungmennafélögum og íþróttafélögum.
- Sjálfboðaliðar safna miklu fé til starfseminnar með fjölda ólíkra verkefna.
- Móttaka og flokkun umbúða getur fallið mjög vel að rekstri og verkefnum félaga sem byggja á sjálfboðaliðastarfi.
- Mörg félög taka þátt t.d. í móttöku skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða, söfnun á samsettum umbúðum o.fl.

Hvernig náum við markmiðunum?

- Að allir landsmenn sitji við sama borð varðandi skil á efnum til endurvinnslu.
- Einbeita sér fyrst að söfnun, flokkun og vinnslu umbúðaúrgangs frá atvinnulífinu (aðallega flutningsumbúðir) áður en farið er mikið í heimilisúrgang. Hjá atvinnulífinu er mesta magnið.
- Núverandi kerfi Úrvinnslusjóðs er ruglingslegt, sum kerfi gera ráð fyrir mismunandi kostnaði við flutninga innanlands, önnur ekki.

Hvernig náum við markmiðunum, frh.

- Peningalegur ávinningur almennings stuðlar að betri skilum.
 - Mjög góð reynsla af skilagjaldskerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir.
 - Skilagjaldskerfi eða einhvers konar endurgreiðslukerfi (kg.) getur nýst til að auka skil t.d. á samsettum pappaumbúðum.

Hvernig náum við markmiðunum, frh.

- Stórauka kynningu og fræðslu varðandi þau efni sem bera úrvinnslugjald. Kynning þarf bæði að beinast að fyrirtækjum og almenningi.
 - Hvaða efnisflokka er um að ræða
 - Hvernig er óskað eftir að efnum sé skilað til þjónustuaðila (samræming mögulega erfið en að settar verði a.m.k. lágmarkskröfur í samvinnu við þjónustuaðila).

Kostnaður, peningar og fyrirhöfn

- Þurfum að ná þeim markmiðum umbúðareglugerðar sem Ísland hefur innleitt á landsvísu.
- Það mun kosta mikið að ná þeim markmiðum. Fámenni, langar flutningsleiðir, magn tiltöluleg lítið.
- Eiga ekki allir þegnar landsins að eiga sömu möguleika á þátttöku?

Kostnaður, peningar og fyrirhöfn (frh.)

- Nýta það kerfi sem til staðar er hjá:
 - Sveitarfélögum.
 - Flutninga- og gámafyrirtækjum.
 - Þjónustufyrirtækjum (Sagaplast).
 - Sjálfbóðaliðasamtökum.
- Ná í umbúðirnar þar sem magnið er mest (atvinnulífið).
- Greiðslur verði þannig að ofangreindir aðilar hafi áhuga á að taka þátt.

Framtíðarsýn fyrir árið 2020

- Búið að byggja stóra sorpbrennslu fyrir höfuðborgarsvæðið og líklega komnar brennslur víðar um landið en nú er.
 - Brennsla búin búnaði til orkuvinnslu.
 - Brennsla til orkuvinnslu telur með við að ná markmiðum umbúðareglugerðar.
 - Mjög góð leið til eyðingar á blönduðum umbúðaúrgangi (plasti, pappa).
- Búið að ná markmiðum umbúðareglugerðar um endurvinnslu og endurnýtingu.
- Allir Íslendingar vel upplýstir um markmið og árangur varðandi umbúðaúrgang.

Lokaorð

- Með tilkomu spilliefnagjalda og úrvinnslugjalda hafa skapast ýmis tækifæri til atvinnusköpunar.
- Tel að í okkar litla landi eigi allir þegnar landsins að geta tekið þátt í úrvinnslukerfi fyrir umbúðir.
- Hafa úrvinnslukerfið eins einfalt og unnt er, þannig að auðvelt sé að skilja markmið og vinnsluferla.